

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sæmundar Sæmundssonar og Guðrúnar Gísladóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. marz 1937. Skipulagsskráin er þannig:

17

12. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sæmundar Sæmundssonar og Guðrúnar Gísladóttur.

1. gr.

Tildrög sjóðsins og tilgangur.

Sjóður þessi er gefinn til minningar um þau hjónin Sæmund Sæmundsson (d. 12. sept. 1888), óðalshónda á Elliðavatni, og konu hans Guðrúnu Gísladóttur (d. 31. jan. 1897).

Gefandinn er bróðursonur Guðrúnar á Elliðavatni, Gísli Björnsson, Laugaveg 80 í Reykjavík. Gjöfin er ákveðin á sjötugsafmæli hans, 6. nóv. 1936.

Sjóðurinn er gefinn væntanlegri Hallgrímskirkju í Saurbæ, í þeim tilgangi, að vöxtum hans sé varið til viðhalds og endurbóta á kirkjunni (sbr. 4. gr.).

2. gr.

Sjóðurinn og stjórn hans.

Gjöfin er 5000 — fimm þúsund — krónur, og afhendist með einu veðdeildarbréfi Landsbanka Íslands, nr. 48, með arðmiðum frá 1. janúar 1937. Og er þess óskað, að Söfnunarsjóður Íslands varðveiti sjóðinn og ávaxti hann.

En að öðru leyti er stjórn sjóðsins falin sóknarnefnd og prestri að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, eða þeim öðrum, sem kunna að hafa umráðarétt yfir Hallgrímskirkju þar, og þó jafnframt með eftirliti og umráðum biskups, eða þess valdhafa, sem fer með biskupleg og þjóðleg yfirráð kirkju Krists á Íslandi.

3. gr.

Ávöxtun sjóðsins.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og ekki annað af vöxtunum en brýnan útlagðan kostnað, fyrstu 10 árin eftir byggingarár kirkjunnar. Og ekki heldur að þeim tíma liðnum $\frac{1}{4}$ — fjórða hluta — ársvaxtanna. Hann skal árlega leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Notkun sjóðsins.

1. Að liðnum 10 árum frá byggingarári Hallgrímskirkju, mega forráðamenn hennar ráðstafa árlega $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — af vöxtum sjóðsins til að viðhalda kirkjunni og endurbæta hana.
2. Þegar kirkjan er sómasamlega útlítandi og þarf ekki meira viðhald, en lögákveðnar tekjur hennar hrökkva til, þá má nota allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna til þess að prýða kirkjuna sjálfa, gripi hennar eða umhverfi. Einnig má veita styrk til prentunar vísindalegs rits um æfi og störf Hallgríms pr. Péturssonar, ef Háskóli Íslands vill dæma ritið viðurkenningarvert.
3. Ef hentara þykir má sameina $\frac{3}{4}$ vaxta sjóðsins í tvö ár eða fleiri og nota þá

17
12. marz

í einu lagi. Að öðru leyti ber að leggja það af þessum vaxtahluta, sem ekki er notað, við höfuðstólinn árlega.

4. Jafnframt eru það tilmæli gefandans, að eftir hans dag og konu hans, Jóhönnu Þorsteinsdóttur (f. 15. ágúst 1872), og einkadóttur þeirra Guðrúnar Gísladóttur (f. 19. ágúst 1901), þá láti forráðamenn sjóðsins og á hans kostnað, annast viðhald varða og umgerða á leiði fyrrnefndra hjóna, Sæmundar og Guðrúnar frá Elliðavatni, sem er austast í miðjum grafreitnum við Suðurgötu í Reykjavík.

5. gr.

Reikningsskil sjóðsins.

1. Stjórn sjóðsins bókfæri árlega reikning hans, og endurskoðendur, er stjórnin kýs, endurskoði hann. Síðan ber að birta hann í Lögbirtingablaðinu.
2. Eigi má greiða fé úr sjóðnum nema eftir ávísun frá meiri hluta stjórnar Hallgímskirkju, með árituðu samþykki biskups eða jafngildis umboðsmanns. Sé og jafnan tilgreint bæði í ávísun og reikningsfærslu til hvers fénu eigi að verja.
3. Greiða skal beinan útlagðan kostnað við stjórn sjóðsins og umsjón (bækur, prentun, auglýsingar o. s. frv.), en enga eða litla þóknun til áskilinna framkvæmdarmanna, og eigi yfir 5% af vöxtum að þremur fjórðu hlutum árlega. Stjórnin heldur gerðabók, er í séu ritaðar fundargerðir hennar og annað það, er sjóðinn varðar.

6. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og síðan prenta hana bæði í Stjórnartíðindunum 1937 og sérstaklega til úthlutunar meðal allra forráðamanna sjóðsins.

Reykjavík, 20. janúar 1937.

Gísli Björnsson.

18
30. marz

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Patrekshrepps frá 2. ágúst 1934.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir rafmagn til ljósa og útvarpstækja eingöngu skal vera kr. 0.80 fyrir kílówattsstund allt árið.

2. gr.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við mánaðamótin ágúst—september skal þó gjaldkeri athuga um hvað rafmagnsnotandi hefir eytt miklu rafmagni samnanlagt yfir allt tímabilið. Nemi það ekki meiru en sem svarar lágmarksgjaldinu, skal ekki tekið meira, enda þótt eyðslan suma mánuðina hafi farið fram yfir lágmark.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir rafmagn um mæli og leiga mæla greiðist mánaðarlega eftir á um leið og lesið er á mæla. Gjald fyrir rafmagn, sem selt er eftir sérstökum samningi,